

Greinargerð fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál var skipuð á 49.

Fjórðungspingi og hefur því starfað í tæp tvö ár. Nefndin hefur starfað eftir samþykktum Fjórðungspings og hefur það hlutverk að fylgja eftir þeim áherslum í samgöngumálum sem vestfirskir sveitarstjórnarmenn sammælast um á hverjum tíma. Nefndin er þannig skipuð; Formaður nefndarinnar er sú sem hér talar, aðrir nefndarmenn, Sölvi Sólbergsson, Guðbrandur Sverrisson, Einar Örn Thorlacius og Þórólfur Halldórsson.

Á 49. Fjórðungspingi var samþykkt stefnumótun í samgöngumálum sem sett var fram í skýrslu starfshóps á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga frá árinu 2004. Nær skýrslan til allra samgöngubátta þ.e. flugs, fjarskipta, hafna og vega. Þessi skýrsla hefur verið leiðarljós nefndarinnar frá upphafi starfsins og aðrar samþykktir Fjórðungspings.

Í skýrslunni var lögð megin áhersla á:

- Að þéttbýliskjarnar á Vestfjörðum yrðu tengdir með bundnu slitlagi,
- Að tryggja öryggi vegfaraenda með fullnægjandi viðhaldi á þeim stofnvegum í fjórðungnum sem ekki hafa ekki enn verið byggðir upp.
- Að leggja veg um Tröllatunguheiði (um Arnkötludal og Gautsdal)
- Að fjárveitingar verði verulega auknar til stórverkefna á Djúpvegi og Vestfjarðarvegi miðað við núgildandi samgönguáætlun.
- Að tengja Dýrafjörð og Vatnsfjörð í einni framkvæmd með jarðgöngum.

Á 50. Fjórðungspingi var þessu til viðbótar samþykkt ályktun um mikilvægi jarðgangagerðar milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

Samgöngunefnd Fjórðungssambandsins fyrirhugaði í janúar sl. að halda fund með samgönguráðherra sem staddur var á Ísafirði, en vegna flugaðstæðna komust fundarmenn ekki til fundar en þess í stað fundaði stjórn Fjórðungssambandsins með

ráðherra. Kjölfarið var reynt tvívegis að ná fundi með ráðherra en ekki var unnt að verða við því, að sökum anna. Á fundinum með samgönguráðherra var farið yfir helstu hagsmunamál Vestfirðinga í samgöngumálum eins og Vestfjarðarveg, veg um Djúp, tenging norður og suðursvæðis Vestfjarða og tenging Reykhóla og Stranda. Jafnframt var farið yfir stöðu fjarskiptamála í fjórðungnum.

Samgönguráðherra skýrði frá markmiðum samgönguáætlunar í vegagerð fyrir Vestfirði hvað varðar Vestfjarðarveg, veg um Djúp og Arnkötludal, jarðgöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og að næst á dagskrá væri að taka ákvörðun um jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Samgöngunefnd leggur áherslu á að fjármagn verði tryggt til þessara framkvæmda.

Samgöngur milli norður og suðursvæðis Vestfjarða hafa verið uppi á borði stjórnar Fjórðungssambandsins, en búið er að leggja niður flug á milli Ísafjarðar og Bíldudals. Stjórn Fjórðungssambandsins ritaði samgönguráðherra og heilbrigðisráðherra bréf í lok árs 2005 benti á mikilvægi staðsetningar flugvélar á Ísafirði til að sinna samgöngum innan fjórðungsins og sjúkraflugs. Vestfirðir eru rekin á margan hátt sem ein stjórnarsýslueining að hálfu stjórnvalda, það endurspeglast í t.d. Vaxtarsamningi Vestfjarða og í Byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009, þar er Ísafjörður skilgreindur byggðakjarni fyrir Vestfirði. Stjórn Fjórðungssambandsins lýsti sig reiðubúið að koma að vinnu við finna lausn sem tryggir samgöngur milli svæða á meðan beðið væri eftir varanlegri lausn í samgöngumálum en ekki var leitast eftir því.

Samgöngumál hafa verið meira á borði sveitarfélaga og stjórnar Fjórðungssambandsins en samgöngunefndar, eftir að ljóst var í hvað stefndi hvað varðar frestun útboðsferla. Flest sveitarfélög á Vestfjörðum og stjórn Fjórðungssambandsins hafa ályktað um frestun útboða í vegaf framkvæmdum á Vestfjörðum til ótilgreinds tíma. Inntak þessara ályktana er það sama, að ekki sé **ásættanlegt** að draga úr vegaf framkvæmdum á Vestfjörðum vegna þenslu í öðrum landshlutum. Verkalýðsfélag Vestfjarða tók í sama streng í ályktun sem félagið samþykkti nú í ágúst, og hafa sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum jafnframt látið í ljós mótmæli sín vegna hugmynda um frestun vegaf framkvæmda á Vestfjörðum.

Samgöngumál eru ekki eingöngu hagsmunamál sveitarstjórnarmanna og hafa aðilar úr atvinnulífinu sagt skoðun sína á samgöngumálum, má þar nefna stjórn

Vaxtarsamnings Vestfjarða sem sendi samgönguráðherra og stjórnvöldum ályktun í mars sl. um mikilvægi samkeppnishæfra heilsárssamganga fyrir hagþróun Vestfjarða og nauðsyn jarðgangagerðar á milli Dýrafjarðar, Arnarfjarðar og Vatnsfjarðar. Þar er bent á að ófullkomið samgöngukerfi á Vestfjörðum dragi úr samkeppnishæfni atvinnulífs, sem hefur lamandi áhrif á verðmætasköpun og hagþróun svæðisins.

Það er hlutverk samgöngunefndar Fjórðungssambandsins gæta hagsmuna vestfirskra sveitarfélaga í samgöngumálum og tryggja það að samgönguyfirvöld standi við samþykktu samgönguáætlun. Fyrir liggur ákveðin sátt um í hvaða vegaframkvæmdir eigi að ráðast og endurspeglast sú sátt í samgönguáætlun stjórnvalda og áherslum vestfirskra sveitarstjórnarmanna, sem fara að mörgu leyti saman. Fagna ber þeirri ákvörðun samgönguráðherra að setja jarðgöng um Óshlíð í forgangs röðun þessara verkefna. Gæta verður þess að þau verkefni sem þegar hafa verið samþykkt í samgönguáætlun verði ekki frestað, þegar áætlunin er tekin til endurskoðunar, bæði hvað varðar fjögurra ára samgönguáætlun og langtímasamgönguáætlun.

Samgöngunefnd beinir því til Fjórðungspings að skora á samgönguráðherra og alþingsmanna að tryggja fjármagn til þeirra framkvæmda sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um. Ljóst er að það fjármagn sem hefur verið eyrnamerkt vegaframkvæmdum á Vestfjörðum er að meðaltali 500.milj. kr á ári og þarf að auka það verulega ef það á standast samþykktu samgönguáætlun.

Á morgun verður kosin ný samgöngunefnd Fjórðungssambandsins og er það síðasta verk mitt sem formanns samgöngunefndar að fara yfir stöðu framkvæmda í fjórðungnum. Ég vill þakka Gísla Eiríkssyni umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði fyrir greinargóð svör, en undirrituð átti fund með honum í vikunni. Á fundinum með umdæmisstjóra var rætt um stöðu framkvæmda, stöðu viðhaldsmála, stöðu útboða á framkvæmdum, upplýsingar um rannsóknir vegna jarðgangna, bæði við Óshlíð og Dýrafjarðargöng, og rætt um aðra tengivegi og ferðamannaleiðir. Unnið er að útboðslýsingu fyrir þrjú verkefni, en þau eru:

1. Tröllatunguvegur
2. Þverun Mjóafjarðar og,
3. í Kollafirði á Barðaströnd

Stefnt er að því að útboðslýsing verði tilbúin í nóvember.

Rannsóknarborunum á Óshlíð er ekki lokið. Bornar verða saman þrjár leiðir:

1. Til Tungudals
2. Til Seljadals
3. Til Hnífsdals

Stefnt er að því að ákvörðun um hvaða leið verði farin verði tekin á árinu.

Rannsóknaboranir á göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar hefjast í næstu og ekki er komin tímasetning hvenær er áætlað að þeim verði lokið.

Á Vestfjarðarvegi er vonast til að vegagerð um Kollafjörð fari í útboð þegar grænt ljós gefst að hálfu stjórnvalda. Stór hluti vegarins er enn í umhverfismatsferli og ekki er ljóst hvenær niðurstaða fæst.

Auka þarf aðkomu sveitarstjórnarmanna að ákvörðunartökuferli vegaáætlunar m.t.t. framþróun byggðarlaga. Í dag er staða sveitarfélaga og samtaka þeirra afar veik í ákvarðanatökuferlinu og það þarf að breytast. Viðurkenna þarf rétt þeirra til að hafa áhrif á eitt af sínum stærstu hagsmunamálum, samgöngumál.

Í skýrslu starfshóps Fjórðungssambandsins um samgöngumál sem samþykkt var árið 2004 voru eftirtalin meginmarkmið fyrir Fjórðungssambandið skilgreind og eru enn í fullu gildi í dag:

Markmið Fjórðungssambandsins varðandi flugsamgöngur eru:

- Að tryggja til framtíðar flugsamgöngur til og frá þeim áfangastöðum á Vestfjörðum sem sinnt er með áætlunarflugi.
- Að viðhalda viðurkenndum flugvöllum í fjórðungnum, sem ekki eru nýttir til áætlunarflugs, því þeir gegna mikilvægu öryggishlutverki og eru jafnframt liður í vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum.
- Að tryggja öruggt sjúkraflug í fjórðungnum því það skiptir sköpum í samfélagi sem er fjarri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á borð við hátækisjúkrahús landsins.
- Að miðstöð innanlandsflugs verði áfram staðsett í höfuðstað Íslands -Reykjavík.
- Að ríkisvaldið styrki áfram flugsamgöngur á þeim leiðum þar sem ekki gefst kostur á öðrum heilsársamgöngum.
- Að vestfirskir flugvellir verði jafnan útbúnir fullkornustu öryggistækjum sem flugöryggisstaðlar mæla fyrir um auk þess sem möguleikar á kvöld- og næturflugi verði nýttir til hins ýtrasta

Markmið Fjórðungssambandsins í fjarskiptamálum:

- Tryggja ber virka samkeppni á markaði. Mikilvægt er að jafnrétti ríki milli aðila til aðgengis að grunnnetinu á samkeppnishæfu verði. Þessi þjónusta verði sem flestum aðgengileg óháð búsetu. Slíkt verður varla tryggt án jöfnunar í formi opinberra framlaga við kostnaðarsamar stofnframkvæmdir í tengslum við dreifikerfi.
- Uppbygging þeirra fjarskiptakerfa, sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi á sjó og landi, verði með þeim hætti að þau nýtist sem flestum. Sérstaklega er þetta mikilvægt á þeim svæðum þar sem byggð er strjál og veðurskilyrði erfið.
- Að efla gagnaflutningskerfið og lækka verð á þeirri þjónustu. Aukið og hratt vaxandi vægi háhraðatenginga við internetið er forsenda m.a. fjarnáms og rafrænnar stjórnsýslu og auðveldar aðgengi að hverskyns þjónustu og afþreyingu.
- Að tryggja umbætur í fjarskiptamálum áður en Síminn hf. er seldur eða að við sölu liggja fyrir samningur í tímasettum liðum um áframhaldandi uppbyggingu dreifikerfa, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum landsins.
- Að setja í forgang og hraða framkvæmdum í GSM kerfinu á þeim stöðum þar sem fyrir er rafmagn, örbylgjusamband eða ljósleiðari og auðvelt er að koma langdrægum sendum fyrir.

Markmið Fjórðungssambandsins varðandi hafnir

- Að tryggt verði að sveitarfélög hafi bolmagn til að standa að nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi hafna.
- Að samkeppnisstaða hafna á landsbyggðinni verði ekki skert miðað við hafnir á höfuðborgarsvæðinu.
- Að boðað auðlindagjald renni að hluta til fiskihafna.
- Að höfnum verði gert kleift að laga sig að breyttum aðstæðum, hvort heldur er vegna samdráttar eða aukinna umsvifa, t.a.m. í tengslum við uppbyggingu í ferðaþjónustu.
- Öryggi sjófarenda verði tryggt með hafnarmannvirkjum sem uppfylla ýtrustu öryggiskröfur hins opinbera.
- Að mynda hafnasamlög þar sem því verður við komi, m.a. vegna bættra vegasamgangna.

Ágætu þingfulltrúar og gestir, mikilvægi góðra samganga til að viðhalda og efla alla byggð er okkur öllum ljós. Öflugt atvinnulíf, eftirsótt búsetuskilyrði, menntunarmöguleikar, ferðaþjónusta, verðgildi eigna og lands o.fl., veltur á gæðum þeirra. Því er það lífsnauðsynlegt fyrir Vestfirðinga að búa við sömu kjör og aðrir í þessum málum til að vera samkeppnisfærir um fólk og fyrirtæki. Vestfirðingum og Fjórðungssambandinu, óska ég alls hins besta í framtíðinni og sveitarstjórnar- og alþingismönnum gæfu í störfum sínum í þágu þeirra. Sjórn FV og samgöngunefnd FV, þakka ég fyrir samstarfið á liðnum árum og óska þeim öllum, heilla í störfum sínum í framtíðinni.

Ragnheiður Hákonardóttir.

Formaður fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál.